FJÖLMIÐLANEFND

Mennta- og menningarmálaráðherra
Katrín Jakobsdóttir
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Reykjavík, 18. september 2012
Mál: 2012-152/11.0

Efni: Úttekt á lögum um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006

Með setningu laga um fjölmiðla nr. 38/2011 á síðasta ári fékk fjölmiðlanefnd það hlutverk að hafa eftirlit með framkvæmd laga um eftirlit með aðgangi barna að kvikmyndum og tölvuleikjum nr. 62/2006.

Með tilkomu laga nr. 62/2006 varð algjör stefnubreyting varðandi aldursflokkun og mat á kvikmyndum hér á landi. Var Kvikmyndaskoðun lögð niður og allt mat og framkvæmd laganna var fært til ábyrgðaraðilanna sjálfra, þ.e. þeirra aðila sem framleiða kvikmyndir eða tölvuleiki, sýna þá, selja eða dreifa með öðrum hætti hér á landi.

Fjölmiðlanefnd ákvað að ráðast í úttekt á lögunum og framkvæmd þeirra eftir að nokkrar kvartanir höfðu borist nefndinni í byrjun árs 2012 þrátt fyrir að fjölmiðlanefnd hafi engaenga fjárveitingu fengið til að sinna þessu verkefni. Ástæða úttektarinnar var m.a. sú að nefndin taldi sig skorta úrræði til að geta framfylgt markmiðum laganna um að vernda börn fyrir efni sem getur haft skaðleg áhrif á andlegan og siðferðislegan þroska þeirra. Þá skorti talsvert upp á að lögin væru tæmandi og tækju til þeirra tilvika sem upp geta komið varðandi aðgang ungra barna að efni sem hefur hlotið hæstu aldursmerkingar. Í ljósi þessa ákvað nefndin á fundi sínum að nauðsynlegt væri að gera heildstæða úttekt á ofangreindum lögum og framkvæmd þeirra. Áætlað er að þeirri úttekt verði lokið seint á haustmánuðum.

Fjölmiðlanefnd hefur orðið nokkuð ágengt í úttekt sinni og hefur úttektin m.a. leitt eftirfarandi í ljós:

- Erfitt er fyrir fjölmiðlanefnd að hafa yfirsýn yfir þá ábyrgðaraðila sem lögin taka til.
- Þó að ábyrgðaraðilar hafi sett sér verklagsreglur um framkvæmd mats og aldurstakmörkun sem styðst við alþjóðlega viðurkennt kerfi eins og kveðið er á um í 3. gr. laganna er erfitt fyrir fjölmiðlanefnd að staðreyna hvort ábyrgðaraðilar fari eftir reglunum.
- Fjölmiðlanefnd hefur upplýsingar um fjölda dæma þar sem

Borgartún 21 | 105 Reykjavík | Sími +354 415 0415 | Fax +354 415 0410 | postur@fjolmidlanefnd.is | www.fjolmidlanefnd.is

um tvær ólíkar aldursmerkingar er að ræða fyrir sömu kvikmynd, nokkur dæmi eru um þrjár ólíkar aldursmerkingar fyrir sömu kvikmynd hér á landi.

- Erfitt er fyrir fjölmiðlanefnd að fá upplýsingar um hvaða matsmaður, matsstjóri og ábyrgðaraðili aldursmerkir hverja kvikmynd í gagnagrunni ábyrgðaraðila. Þannig er erfitt að rekja það mikla misræmi sem er að finna í aldursmerkingum á einni og sömu kvikmyndinni hér á landi.
- Fjölmiðlanefnd hefur fundið dæmi um það að kvikmyndir sem hafa fengið aldursmerkinguna 15-16 ára erlendis eru leyfðar öllum börnum hér á landi, t.d. kvikmyndin *Black Swan* frá árinu 2010.
- Verulega skortir upp á að allt kynningarefni sé aldursmerkt eins og kveðið er á um í 2. mgr. 2. gr. laganna.
- Gagnagrunnur sem settur hefur verið upp, kvikmyndaskodun.is, er langt frá því að vera tæmandi og vantar mikið upp á að allar kvikmyndir sem ábyrgðaraðilar gefa út hér á landi síðan lögin tóku gildi séu aldursmerktar í gagnagrunni eins og kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr. laganna.
- Fjölmiðlanefnd er kunnugt um að ábyrgðaraðilar geri ýmsar undantekningar frá mati um aldursmerkingu sem á sér enga stoð í lögum, m.a. eru kvikmyndir á kvikmyndahátíðum ekki aldursmerktar.
- Fjölmiðlanefnd fékk fjölda ábendinga um að ung börn hefðu séð kvikmyndina *Svartur á leik* í kvikmyndahúsum hér á landi fyrr á þessu ári. Kvikmyndin er bönnuð börnum innan 16 ára, en skv. 5. mgr. 3. gr. mega einungis börn sem hafa náð 14 ára aldri sjá slíkar kvikmyndir, enda séu þau í fylgd foreldris eða forsjáraðila. Í lögunum eru ekki að finna nein úrræði þegar kvikmyndahús hleypa börnum innan 14 ára inn á bannaðar kvikmyndir þrátt fyrir að sérstaklega sé getið um það í 3. mgr. 2. gr. að ábyrgðaraðilar skulu gæta þess að aðgangur að sýningum sé í samræmi við aldursmerkingar.
- Fjölmiðlanefnd hefur fengið ábendingar um að kynningarstiklur úr myndum sem bannaðar eru börnum eru sýndar á undan kvikmyndum í kvikmyndahúsum sem hafa lægri aldursmerkingu en kynningarstiklurnar. Fjölmiðlanefnd hefur engin úrræði til að kanna hvort slíkar stiklur séu í raun aldursmerktar eins og lög gera ráð fyrir. Sýni kvikmyndahús stiklur sem ekki eru við hæfi barna hefur fjölmiðlanefnd engin úrræði skv. lögum til að koma í veg sýningu slíks efnis.

- Þó að kveðið sé á um það í 1. mgr. 3. gr. laganna að ábyrgðaraðilar setji verklagsreglur um aldursmerkingar sem styðst við alþjóðlega viðurkennt kerfi sem aðgengilegt er almenningi er ekki að sjá að sjónvarpsstöðvarnar hafi komið sér upp gagnagrunni sem er aðgengilegt notendum. Þar af leiðandi geta foreldrar og forráðamenn ekki stuðst við aðgengilegan gagnagrunn þegar varað er við því að ákveðnar kvikmyndir í sjónvarpi séu ekki við hæfi barna.

Fjölmiðlanefnd telur mikilvægt að benda á að hún hefur engar heimildir skv. lögum til að hafa raunverulegt eftirlit með framkvæmd laganna nema að stöðva sýningu eða dreifingu á kvikmynd í allt að 3 sólarhringa á meðan endurmat á aldursmerkingu fer fram. Þá getur fjölmiðlanefnd einungis látið gera úttekt á verklagsreglum og framkvæmd þeirra skv. 1. mgr. 5. gr. laganna.

Fjölmiðlanefnd hefur fengið þó nokkrar ábendingar vegna aldursmerkingar og framkvæmdar laga nr. 62/2006. Því er ljóst að væntingar almennings til virks eftirlits með vernd barna þegar kemur að aldursmerkingum á kvikmyndum eru miklar. Engu að síður hefur fjölmiðlanefnd hvorki heimildir né fjárveitingar til sinna slíku eftirliti.

Ljóst má vera að úttekt sú er fjölmiðlanefnd er nú að vinna mun sýna fram á alvarlega ágalla í lögum. Þá munu koma í ljós þau takmörkuðu úrræði sem stjórnvöld hafa til að hafa eftirlit með ábyrgðaraðilum hér á landi. Jafnframt mun verða sýnt fram á verulega meinbugi í lögunum í samanburði við þau nágrannaríki sem við berum okkur helst saman við.

Fjölmiðlanefnd óskar eftir fundi með ráðherra til að skýra af hverju hún telur að ekki verði komist hjá því að ráðast í gagngerar endurbætur á lögunum. Þá hefur fjölmiðlanefnd jafnframt tillögur að því hvernig mætti lagfæra núverandi kerfi eftir að hafa rýnt ólík kerfi sem notuð eru til aldursmerkinga í nágrannaríkjum okkar. Fjölmiðlanefnd telur rétt að upplýsa ráðherra um stöðu mála áður en hún birtir úttekt sína á lögum nr. 62/2006 og framkvæmd þeirra opinberlega í lok árs.

Fyrir hönd fjölmiðlanefndar,

Elfa Ýr Gylfadóttir

Dalla Ólafsdóttir

Hjálagt: Listi yfir kvikmyndir og aldursmerkingu ólíkra ábyrgðaraðila hér á landi í samanburði við nágrannaríki okkar.

Heiti kvikmyndar:	Ísland	Holland	Noregur	Svíþjóð	Bretland	Danmörk	Bandaríkin
The Golden Compass (2007)	L	12			11 PG		PG-13
Shrek Forever After (2010)	L	6			7 U		PG
Inkheart (2008)	7 og 10	9			11 PG		PG
Bedtime Stories (2008)	L og 7	6		Btl	PG		PG
Intouchables (2011)	L og 12	12					R
Bridge to Terebithia (2006)	L og 10	9			7 PG		PG
	L og 12	12		Btl		15	R
Stardust (2007)	7, 10 og 12	12			11 PG		PG-13
Contraband (2012)	16	12			15		R
Ted (2012)	10 og 12	12	11		11	15	R
Harry Potter and the Deathly Hollows: Part 1 (2010)	10 og 12	12			11 12A		11 PG-13
The Amazing Spider-Man (2012)	10 og 12	12	11		11 12A		PG-13
Legend of the Guardians: The Owls of Ga'Hoole (2010)	L og 7	6			7 PG		PG
Prometheus (2012)	16 og 18	16	15		15	15	R
Men in black III (2012)	7	9	11		11 PG		PG-13
Starbuck (2011)	L	12					R
Magic Mike (2012)	10 og 12	12				15	R
John Carter (2012)	7 og 12	9	11		11 12A		PG-13
Where the Wild Things Are (2009)	L og 7	9			7 PG		PG
Black Swan (2010)	L og 12	16			15	15	R
The Ghost Writer (2010)	L og 12	9	11		7	15	PG-13
Harry Potter and the Half-Blood Prince (2009)	10 og 12	12			12A		11 PG-13
The Avengers (2012)	10	12	11		11 12A		PG-13
Inception (2010)	12	12	15		11 12A		
Duplicity (2009)	L og 12	9 A		Btl	12A		PG-13
The Water Horse (Legend of the Deep) (2007)	L	6			11 PG		PG
Avatar (2009)	10	12	11		11 12A		PG-13

Submarine (2010)	L		6		Btl		15		R	
The Artist (2011)	L		12	7		7	PG		PG-13	
The skin I live in (2011)	12 og 14		12				15		R	
The Fighter (2010)	L og 14		12	11		15	15		R	
The Tree of Life (2011)	L og 10		9			11	12A		PG-13	
The Social Network (2010)	L og 7		12	A	Btl		12A		PG-13	
Ghost rider: Spirit of Vengeance (2011)		16	12	11		11	12A		PG-13	
We need to talk about Kevin (2011)	L		12			15	15		R	
Hanna (2011)		16	12			15	12A		15	PG-13
Rise of the Planet of the Apes (2011)	12 og 16		12	11		11	12A		PG-13	
Monsters vs Aliens (2009)	L og 7		6	7		7	PG		PG	
Alice in Wonderland (2010)	L og 7		9	11		11	PG		11	PG
Hugo (2011)		7	9			7	U		PG	
Rango (2011)	L og 7		6	7		7	PG		PG	
Year One (2009)		7	12			7	12A		PG-13	
Bruno (2009)	14 og 16		12	15		11	18		15	R
In Time (2011)	12 og 14		12			11	12		PG-13	
The Seeker: The Dark is rising (2007)		7	9			11	12A		PG	
Apollo 18 (2011)	12 og 16		16				15		PG-13	
Carnage (2011)		10	12	A			15		R	
The Double (2011)		14	12						PG-13	
Whatever Works (2009)	L og 7		6	A	Btl		12A		PG-13	
Hairspray (2007)		12	Al		Btl		PG		PG	
Coraline (2009)	L, 7 og 10		6			11	PG		7	PG
Arthur 3 (2010)	L		6			7	PG		PG	
Aliens in the Attic (2009)	L og 7		6				PG		PG	
How to Train Your Dragon (2010)	L og 7		6			7	PG		PG	
Season of the Witch (2011)	14 og 16		12	15			15		PG-13	

Footloose (2011)	7 og 10		9	11	11 12A		PG-13
Across the Universe (2007)	L og 12		12		11	12	PG-13
My Week with Marilyn (2011)	L		12	Btl		15	R
Tower Heist (2011)	10 og 12		12	7	7 12A		PG-13
This is England '86 (2010) – DVD/sjónvarpssería	L og 16						
The Bourne Legacy (2012)	12 og 16		12	15	15 12A		PG-13
Coriolanus (2011)	14 og 16					15	R
Dark Tide (2012)		12	16			12	PG-13
Wrath of the Titans (2012)	12 og 16		12	11	11 12A		PG-13